

Árskýrsla Æskulýðsfélags Þjálf

Suður Þingeyjarsýslu

2009 – 2010

Þ J Á L F I



Árskýrsla Æskulýðsfélags Þjálfra.

Æskulýðsfélag innan hestamannafélagsins Þjálfra var stofnað 14. nóvember 2009.

Starfssvæði Þjálfra nær yfir Suður Þingeyjarsýslu, (suður af Húsavík, frá Vaðlaheiði í vestri og til og með Mývatnssveit í austri.) Skráðir félagar í hestamannafélaginu Þjálfra eru 113, þar af eru 47 ungmennti, unglingar og börn, eða 41% félagsmanna.

Í stjórn Æskulýðsfélagsins 2009-2010 eru:

Gunnar Óli Hákonarson - formaður netfang: gunnaroli@vidbot.is

Bryndís Ívarsdóttir - gjaldkeri netfang: stadarholl@simnet.is

Úlfar Vilhjálmsson – meðstjórnandi netfang: 53ulfar@gmail.com

Ásta Gísladóttir – meðstjórnandi netfang: asta@magnavik.is

Halldóra Krístín Bjarnadóttir – ritari netfang: dorakb@hotmail.com

Mikill hugur var í félagsmönnum á stofnfundi og strax var farið í að skipuleggja dagskrá vetrarins. Stofnuð var „Facebook“ síða þar sem við höfum auglýst starfið og menn geta komið hugmyndum á framfæri og hefur hún gefist mjög vel. Í dag eru skráðir yfir 100 „vinir“ á síðunni. En lítið gerist hjá auralausu félagi, þannig að fyrsta árið styrkti Þjálfri æskulýðsstarfið um 300.000. Einnig fengum við 100.000 frá Þingeyjarsveit og 50.000 frá KEA. Eru frekari fjáröflunarleiðir í farvatninu, en ekkert í hendi ennþá.

Strax við stofnun félagsins var ljóst að við ættum sterkan bakhjarl í starfinu, sem er Baldvin Kr. Baldvinsson á Ræktunarbúinu Torfunesi og hefur starfsemi félagsins, viðburðir og námsskeið farið að mestu fram í reiðhöllinni í Torfunesi, en þar er frábær aðstaða. Er aðstaðan þar og hjálpsemi þess ágæta fólks sem þar vinnur félaginu ómetanlegur stuðningur.

Víkjum þá aðeins að því sem gert hefur verið, en í vor og sumar setti hestapestin svokallaða óneitanlega strik í reikninginn hjá okkur sem og öðrum.

Þann 30. janúar kom Mette Manseth til okkar og hélt fyrirlestur og sýnikennslu í reiðhöllinni í Torfunesi, frábær mæting, 42 manns, og höfðu allir gagn og gaman af.

31. janúar var svo uppákoma sem við kölluðum „Baldvin býður heim“ þar sem börnum og foreldrum var boðið að koma í Reiðhöllina Torfunesi, skoða hestana, hina frábæru aðstöðu og starfsemina sem þar fer fram. Þar var einnig boðið uppá kakó og kleinur og fyrirhugað starf félagsins kynnt frekar. Yfir 40 manns mættu og voru börnin í meirihluta og tókst dagurinn einstaklega vel.

13. og 14. febrúar var haldið reiðnámskeið fyrir eldri deild félagsins eða þá sem lengra eru komnir í reiðmennskunni. Annar Rebecka var kennari, en hún hefur lokið öðru ári á Hólum og er þar í námi núna, mæting var mjög góð, 10 krakkar og heppnaðist námskeiðið vel.



Hressar stelpur á námskeiði



Anna Rebecka að leiðbeina stelpunum

20. febrúar héldum við svo fyrsta „Reiðhallardaginn“ en hann var haldinn einu sinni í mánuði. Þá mættu foreldrar með börn sín og hesta, og nýttu aðstöðuna, hjálpuðu hvert öðru, og kynntust hestamennskunni enn frekar. Margir voru þar að stíga sín fyrstu spor á hestbaki, en þeir sem enga hesta áttu, gátu fengið þá leigða hjá Baldvin. Fastur liður á þessum degi, var kraftmikil kjötsúpa sem reidd var fram af miklum myndarskap, en fyrirtækin Gistipjónustan Staðarhóli ehf. og kjötverkunin Viðbót ehf. stóðu straum af kostnaði. Þarna tóku líka mörg ungmennin sínar fyrstu skeiðar af kjötsúpu, sem sennilega hafði einhver áhrif á góða mætingu foreldra. Var mæting á reiðhallardaga aldrei undir 30 manns.



„Þetta er bara finasta súpa“



13. – 14. mars var annað reiðnámskeið með Önnu Rebecku, fyrir alla aldurshópa.

21. mars reiðhallardagur



Og enn er pása og kjötsúpuát...



og enn meiri reiðmennska...



og alir hjálpast að...

17. apríl var svo haldið námskeið fyrir yngri deild félagsins, eða byrjendur. Marion var kennari en hún var í starfsnámi frá Hólum í Torfunesi. Góð mæting var og voru einnig, ásamt Marion, stelpur úr eldri deildinni fengnar til að aðstoða og fræða þau yngri. Góður rómur var gerður að þessu fyrirkomulagi og verður framhald á.



Marion að sýna krökkunum hinar ýmsu gerðir af kömbum.



Það er margt sem þarf að læra...



Ánægður hópur að loknu námskeiði.

18. apríl var síðasti reiðhallardagurinn fyrir sumarið, en í framhaldi af því urðum við að hætta að mestu starfssemi hjá félaginu vegna hestapestarinnar. Því má bæta við dagsskrá reiðhallardaganna, að við auglýstum „skiptimarkað“ þ.e.a.s. fólk gat komið með notaðan reiðfatnað og skó og haft skipti við þá sem áttu minna eða stærra, eftir því sem við átti. Eða fólk gat selt notaðan fatnað á sanngjörnu verði, og mæltist þetta mjög vel fyrir, þar sem þessar vörur eru almennt ekki beint ódýrar.

Og þar sem lítið var að gera í hestamennskunni í vor, þá öfluðum við tilboða í sérmerкта jakka fyrir æskulýðsfélagið, en fyrir því var mikill áhugi strax á stofnfundi. Fengum við gott tilboð frá Fákasporti á Akureyri og pöntuðu sér yfir 20 krakkar sérmerкта jakka, með nafni og merki Þjálfá.



Þetta vakti töluverða öfund hjá öðrum félagsmönnum, og verður sennilega sú raunin á, að „gamli“ Þjálfajakinn fær að hanga áfram inni í skáp, en allir félagsmenn geta þá pantað sér „nýja“ jakkann, sem verður þá einkennisbúningur Þjálfá félaga..

Félagsmót Þjálfá á Einarstöðum var haldið 7. og 8. ágúst. Í vikunni fyrir mótið eða 3. 4. og 5. ágúst var haldið reiðnámskeið á velli félagsins á Einarstöðum fyrir krakka sem hugðust keppa á mótinu. Gátu þau fengið að prófa völlinn og fengið leiðsögn hjá Erlingi Ingvarssyni landsliðsknappa með meiru. Um 10 börn og unglingar úr æskulýðsfélaginu kepptu á mótinu og stóðu sig afar vel.



Erla Ingileif keppir hér í barnaflokki.

Erlingur leiðbeinir á námskeiðinu.



Næsti hópur bíður spenntur eftir að komast á völinn.



Helgina eftir Einarstaðamótið, eða 14. ágúst var svo Firmakeppni Þjálfar haldin, en þar var góð mæting hjá börnum, unglingum og ungmennum úr æskulýðsfélaginu. Veðurguðirnir léku við hvurn sinn fingur og allir höfðu gaman af, enda skínandi verðlaunapeningar fyrir alla, ásamt bikar í efstu sætum. Fyrirtæki og einstaklingar á félagssvæðinu, hafa stutt rækilega við þessa keppni í mörg undanfarin ár, og hefur það heldur aukist heldur en hitt.



Um miðjan október n.k. munum við svo stefna á lokahátíð æskulýðsstarfsins, í Torfunesi, sem jafnframt verður upphaf af nýju spennandi starfsári. Andinn er góður hjá þessu litla félagi og hafa sprottið upp ný kynni milli barna og foreldra, á nýjum vettvangi og verður örugglega framhald á því. Þökkum frábært samstarf.

Um frekari starfssemi félagsins má sjá upplýsingar á Facebook síðunni „Æskulýðsstarf Þjálfar“ og heimasíðu félagsins 123.is/thjalfi

f.h. Æskulýðsfélags Þjálfar

Bryndís Ívarsdóttir.